

Nd. 425. Frumvarp til laga [201. mál]
um kísilgúrverksmiðju við Mývatn.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963—64.)

1. gr.

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags, er reisi og reki verksmiðju við Mývatn og Námaskarð í Suður-Þingeyjarsýslu, til þess að vinna markaðshæfan kísilgúr úr botnleðju Mývatns. Í því skyni er henni heimilt:

1. Að leggja fram allt að kr. 50 millj. af fé ríkissjóðs sem hlutafé í nefndu hlutafélagi. Einnig er henni heimilt að taka lán í þessu skyni og til greiðslu undirbúningskostnaðar.
2. Að selja verksmiðjunni hráefni úr kísilgúrnámunni í Mývatni utan netlaga eða leigja hlutafélaginu afnot hennar.
3. Að selja kísilgúrverksmiðjunni jarðnæði við Mývatn og Námaskarð eftir því, sem þarfir hennar krefjast og ríkið á eða kann að eignast samkvæmt 7. gr.
4. Að nýta jarðhitasvæðið við Námaskarð í þágu hitaveitu, er ríkisstjórnin lætur reisa og reka og m. a. skal gegna því hlutverki að selja kísilgúrverksmiðjunni jarðhita til reksturs síns.
5. Að semja um lækkun aðflutningsgjalda af vörum til byggingar verksmiðjunnar.

2. gr.

Áður en framleiðslufélag er stofnað samkvæmt 1. gr. er ríkisstjórninni heimilt að taka þátt í stofnun sérstaks hlutafélags til bráðabirgða, er annast skipulagningu kísilgúrverksmiðjunnar og annan undirbúning að byggingu og rekstri hennar, enda sé stefnt að því, að framleiðslufélagið taki við af slíku undirbúningsfélagi.

Um hlutafjárframlag ríkisins til undirbúningsfélagsins skal heimilt að beita 1. tölulið 1. gr., enda öðlist ríkissjóður endurgjaldslaust hlutabréf í framleiðslufélaginu við stofnun þess, er að nafnverði samsvari hlutafjáreign hans í undirbúningsfélaginu, sem þá verði slitið.

3. gr.

Stofnun hlutafélaga skv. 1. og 2. gr. skal bundin eftirtöldum skilyrðum:

1. Hlutafélagið greiði ríkissjóði, annaðhvort í peningum eða hlutabréfum, allan kostnað, sem hann hefur haft af undirbúningsrannsóknnum og áætlunum vegna kísilgúrverksmiðjunnar.
2. Hlutabréf séu skráð á nafn.

4. gr.

Fjöldi stofnenda hlutafélags skv. 1. og 2. gr. skal vera óháður ákvæði 1. málslíðs 2. mgr. 4. gr. laga nr. 77 27. júní 1921, um hlutafélög. Sama máli gegnir um hluthafa þess að því er snertir 38. gr. hlutafélagalaganna.

Íslenska ríkinu og þeim erlenda aðila, sem samvinna verður höfð við um stofnun hlutafélaganna, skal heimilt að vera meðal fullgildra stofnenda þeirra.

5. gr.

Af hlutafélagum, sem stofnuð verða skv. 1. og 2. gr., skal ekki minna en 51% vera í eigu íslenska ríkisins.

Ákvæði 2. málslíðs 2. mgr. 31. gr. laga nr. 77 27. júní 1921, um hlutafélög, skulu ekki takmarka atkvæðisrétt hluthafa í félögunum.

6. gr.

Hlutafélagi skv. 1. gr. skal heimilt að festa kaup á hlutabréfum í erlendu hlutafélagi, sem stofnað kann að verða til að annast sölu og dreifingu á framleiðslu kísilgúrverksmiðjunnar erlendis.

7. gr.

Krefjist framkvæmd 1. gr. kaupa á jarðnæði og annarri aðstöðu í eigu annarra en ríkisins, án þess að samningar náist um kaup þessara réttinda, skal ríkisstjórninni heimilt að taka þau eignarnámi gegn bótum eftir mati óvilhallra manna. Um eignarnámið skal farið að lögum nr. 61 14. nóvember 1917, um framkvæmd eignarnáms.

8. gr.

Þar til gerður hefur verið tvísköttunarsamningur við það land eða þau lönd, þar sem erlendis búsettir hluthafar í félagi skv. 1. gr. eru skattskyldir, skal um skatta- og útsvarsgreiðslur af arði af hlutabréfum þeirra heimilt að fara eftir 10. gr. í tilögum Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París (OECD) að milliríkjasamningi um tvísköttun.

9. gr.

Iðnaðarmálaráðherra fer með mál, er snerta eignarhlutdeild ríkisins í kísilgúrverksmiðjunni.

Ráðherra raforkumála fer með mál varðandi hitaveituna, og setur hann nánari reglur um stofnun hennar og rekstur.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það til laga um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, sem nú er lagt fram, er árangur langs undirbúningsstarfs, er unnið hefur verið á undanförunum árum. Hafa margir lagt þar hönd að verki. Stóriðjunefnd hefur unnið að undirbúningi frumvarpsins og þeim viðskiptalegu athugunum og samningum, sem því hafa verið tengdir. Hin tæknilega hlið málsins hefur hins vegar verið í höndum raforkumálastjóra og Rannsóknaráðs ríkisins. Árangur þessara athugana hefur verið jákvæður, og undirbúningi málsins er nú svo langt komið áleiðis, að ríkisstjórnin telur tímaþætt að afla nauðsynlegra heimilda Alþingis til stofnsetningar fyrirtækis, er hafi það hlutverk að reka kísilgúrverksmiðju við Mývatn. Næsti áfanginn í undirbúningi þessa máls er að hefjast handa um lokaáætlanir um verksmiðjubýgginguna sjálfa, sölufyrirkomulag og önnur atriði, er varða rekstur fyrirtækisins. Ríkisstjórnin er þeirrar skoðunar, að heppilegast sé, að þessi þáttur undirbúningsstarfsins verði unninn á vegum sérstaks undirbúningsfélags, er til þess verði stofnað. Enn er margt óunnið í þessu máli, og traustar niðurstöður um líklega rekstrarafkomu fyrirtækisins fást ekki, fyrr en hið fyrirhugaða undirbúningsfyrirtæki hefur lokið lokaáætlunum sínum.

Stofnsetning kísilgúrverksmiðju við Mývatn getur orðið upphaf mjög mikilsverðs útflutningsiðnaðar. Það er því mikið í húfi, að vel takist um alla framkvæmd og undirbúningur sé svo vandaður sem verða má. Hér er um nýja framleiðslu að ræða hér á landi, sem leita þarf markaða víða um lönd í harðri samkeppni við öflugra framleiðendur, sem lengi hafa búið um sig á heimsmarkaðinum. Þótt árangur þeirra athugana, sem fram hafa farið til þessa, sé jákvæður, er hér ekki um svo arðvænlegt fyrirtæki að ræða í upphafi, að það geti tekið á sig veruleg áföll. Fyrirtækið þarf því að vera fjárhagslega vel upp byggt og vera stutt sterku sölukerfi erlendis. Takist hins vegar þessi fyrstu skref giftusamlega eiga öll skilyrði að vera fyrir hendi til þess, að kísilgúrverksmiðjan verði vaxandi þáttur í útflutningsframleiðslu þjóðarinnar og geti jafnvel náð margfaldri þeirri stærð, sem gert er ráð fyrir í upphafi. Ytri skilyrði slíkrar þróunar virðast vera hin æskilegustu, þar sem annars vegar er hin mikla og nær óþrjótandi kísilgúrnáma í Mývatni, en hins vegar markaður, sem allt bendir til að muni fara ört vaxandi með aukinni iðnþróun og batnandi lífskjörum.

Um leið og frumvarp þetta er lagt fram, er ástæða til þess að fagna því, hvern þátt Íslenzkir vísindamenn hafa átt í því að finna þá auðsuppsprettu, sem kísilgúrnaman í Mývatni er, og að leysa margvisleg tæknivandamál, sem eru samfara nýtingu hennar. Að öðrum ólöstuðum, er sérstök ástæða til þess að geta hins mikla starfs, sem Baldur Líndal, verkfræðingur, hefur lagt af mörkum í þessu efni. Á hinn bóginn er einnig skylt að geta þess, að Íslendingar hafa átt í þessu máli mjög mikilsvert samstarf við erlenda aðila, sérstaklega hollenzka fyrirtækið AIME í Amsterdam. Aðalávinningur þeirrar samvinnu hefur ekki verið fjárhagslegs eðlis, heldur samvinna um tæknilegar og viðskiptalegar athuganir, svo sem markaðsrannsóknir. Er óhætt að fullyrða, að mál þetta ætti enn langt í land, ef Íslendingar hefðu ekki notið svo náinnar samvinnu við hið hollenzka fyrirtæki. Er ráðgert, að komið verði á fagri samvinnu við hið hollenzka fyrirtæki um sölu kísilgúrsins erlendis, en það eigi jafnframt lítinn hluta í kísilgúrverksmiðjunni sjálfri. Að öðru leyti verði kísilgúrverksmiðjan eign Íslendinga, en hreinn meirihluti verði í eigu ríkisins.

Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er eingöngu fjallað um mál, er beinlínis varða skipulag kísilgúrverksmiðjunnar sjálfrar. Á hinn bóginn er rétt að henda á, að stofnun slíks fyrirtækis við Mývatn mun kalla á ýmsar aðrar aðgerðir af hálfu ríkisstjórnar og Alþingis. Er þá fyrst þess að minnast, að kísilgúrverksmiðjan mun verða þess valdandi, að upp risi verksmiðjuborpi við Mývatn, sem stuðlað gæti að myndun verulegs þéttbýlis, er fram liða stundir. Skilyrði til bæjarmyndunar við Mývatn eru að mörgu leyti ákjósanleg. Mundi slíkur bær vera í þjóðbraut milli

tveggja landsfjórðunga, nærri nægum jarðhita og á einum fegursta stað landsins, sem vafalaust á mikla framtíð sem eftirlætisstaður ferðamanna. Það skiptir því miklu máli, að sú byggð, sem þar ris upp, verði eins fögur og vel skipulögð og hæfir hinu glæsta umhverfi og tækni og kunnáttu þessarar aldar. Vill ríkisstjórnin kappkosta, að svo geti orðið, og hafa um það nána samvinnu við hlutaðeigandi sveitarfélag og aðra aðila.

Annað mál, sem upp kemur í sambandi við stofnsetningu kísilgúrverksmiðju, eru áhrif hennar á þróun vegakerfisins og þarfir hennar í því efni. Í þeim áætlunum, sem hér fylgja á eftir, hefur verið gert ráð fyrir því, að lagður verði nýr vegur frá Mývatni austanverðu til Húsavíkur, er styttri flutningaleiðir verksmiðjunnar mjög verulega. Þetta mál þarf sérstakrar athugunar við, og þarf þá jafnframt að hafa í huga þarfir hinnar nýju byggðar, sem risa mun í nágrenni verksmiðjunnar. Ríkisstjórnin telur hins vegar eðlilegt, að verksmiðjan njóti um þetta svipaðrar aðstöðu og önnur atvinnufyrirtæki hér á landi, en þau munu yfirleitt ekki hafa þurft að leggja í vegaframkvæmdir af eigin fé. Hér er hins vegar um málefni að ræða, sem kanna þarf frekar en orðið er, en rétt hefur þótt að minna sérstaklega á í sambandi við frumvarp þetta.

Í athugasemdum þeim, sem hér fara á eftir, ásamt fylgiskjölum, er nánari grein gerð fyrir sögu kísilgúrmálsins, einstökum atriðum frumvarpsins og þeim athugunum, sem gerðar hafa verið í sambandi við undirbúning málsins.

Um alllangt skeið hefur verið kunnugt, að leðju þá, sem safnast hefur fyrir á botni Mývatns og aðallega er leifar af skeljum örsmárra þörungum, sem lifa í vatninu, má að verulegu leyti nýta til framleiðslu á kísilgúr, sem er notaður mjög mikið í nútíma efnaiðnaði.

Í sambandi við rannsókn, sem Baldur Líndal, efnaverkfræðingur, annaðist á vegum raforkumálastjóra á árunum 1950—1953 á nýtingarmöguleikum jarðhitans í Námaskarði við Mývatn, beindist athygli hans að efni þessu og vinnslu þess. Gerði Baldur talsverðar rannsóknir á botnleðjunni og fékk jafnframt gerðar rannsóknir á henni hjá þekktri rannsóknastofnun í Bandaríkjunum, auk þess sem hann kannaði lauslega það magn botnleðju, sem er í Mývatni. Á árunum 1955—1957 gerði Tómas Tryggvason, jarðfræðingur, síðan nánari athuganir á magninu, sem staðfestu, hversu geysistöð náma þessi er. Árið 1956 hóf Baldur Líndal tilraunir með vinnslu kísilgúrs úr leðjunni, og hefur þeim tilraunum verið haldið áfram af og til síðan eftir því sem kostur hefur verið.

Árin 1956—1959 komu hingað til lands fjórir þýzkir sérfræðingar í þessu efni á vegum tækniástoðar Vestur-Þýzkalands og gáfu skýrslur um rannsóknir sínar.

Eðli málsins samkvæmt hafa athuganir þær, sem að framan er getið, farið fram í samvinnu raforkumálastjóra og Rannsóknaráðs ríkisins.

Á grundvelli framangreindra rannsókna var samin allöng álitgerð á vegum Rannsóknaráðs og raforkumálastjóra til glöggvunar á því, hvers vænta mætti af vinnslu kísilgúrs úr Mývatni. Var þessi álitgerð birt fjölrituð í marz 1961 undir heitinu „Kísilgúrverksmiðja við Mývatn“. Þrátt fyrir varlegar áætlanir í mörgu tilliti, er niðurstaða álitgerðarinnar sú, að líkurnar fyrir, að hér geti orðið um arðbæran iðjurekstur að ræða, séu svo miklar, að ekki megi láta hjá líða að halda rannsóknunum áfram.

Meðan frumrannsóknir á kísilgúrnum úr Mývatni stóðu yfir, sendi Baldur Líndal ýmsum aðilum erlendis sýnishorn af gúrnum. Af því leiddi, að áhugi á þessu máli vaknaði hjá hollenzku fyrirtæki, Allgemeine Industriële, Mineraal- en Ertsmaatschappij (skammst. AIME) í Amsterdam, og sendi það fulltrúa sína hingað til lands vorið 1961 til að kanna málið. Varð niðurstaða þeirra athugana sú, að fyrirtækið lét í ljós ósk um að mega verða aðili að væntanlegri kísilgúrframleiðslu, ef framhald rannsókna á gúrnum gæfi jákvæðar niðurstöður.

Vegna tækniástoðar þeirrar, sem þýzka sambandslýðveldið lét í té við rannsókn kísilgúrsins, fylgdist þýzka sendiráðið hér mjög vel með allri framvindu málsins.

Fyrir milligöngu sendiráðsins varð kunnugt um áhuga þýzks fyrirtækis, Oberoher Kiesegurwerke, Unterlüss, Niedersachsen, á þessu máli. Óskaði fyrirtækið að mega fylgjast með málinu og ef svo bæri undir gerast aðili að verksmiðjunni. Síðar lýsti fyrirtæki þetta yfir því, að það hefði ekki lengur áhuga á þátttöku.

Með bréfi, dags. 31. ágúst 1961, setti AIME fram ákveðna ósk um að verða hluthafi í væntanlegu félagi um kísilgúrverksmiðju og bauðst jafnframt til að kosta rannsóknir þær, sem gera þyrfti erlendis, áður en ákvarðanir yrðu teknar um byggingu verksmiðjunnar. Jafnframt setti fyrirtækið skilyrði, sem það taldi þurfa að fullnægja af hálfu Íslendinga til að úr slíkri samvinnu yrði. Kom fulltrúi AIME síðan hingað til lands og tóku fulltrúar ríkisstjórnarinnar upp viðræður við hann um málið. Það skal tekið fram, að á meðan á viðræðum þessum stóð hóf AIME samvinnu um mál þetta við hollenzkt námafyrirtæki, Billiton, í Haag.

Áður en raktar verða niðurstöður viðræðna við fulltrúa AIME, er nauðsynlegt að gera grein fyrir ástæðunum til þess, að léð hefur verið máls á erlendri hlutdeild í hinum fyrirhugaða iðjurekstri.

Kísilgúrverksmiðjan við Mývatn yrði ekki mjög stórt iðjufyrirtæki, t. d. samanborið við sementsverksmiðjuna og áburðarverksmiðjuna. Fjárhagslega og tæknilega væri ekki útilokað fyrir Íslendinga eina að reisa verksmiðjuna, enda kæmi erlent lánsfé til. Vandamálið liggur hins vegar í því, að allur kísilgúrinn yrði að seljast úr landi í harðri keppni við gróna keppinauta um markaðinn, andstætt því, sem gegnir að mestu um sement og köfnunarefnisáburð. Þar við bætist hið sérstæða eðli markaðsins fyrir kísilgúr. Notkun hans er afar margbreytileg, en sjaldnast notað nema mjög lítið magn hjá hverjum kaupanda, auk þess sem kröfur um gæði og afhendingu eru mjög mismunandi. Af þessum ástæðum er sala á kísilgúr mjög mikið starf, sem krefst góðrar skipulagningar og ekki síður traustra viðskiptasambanda, þar eð kísilgúrmarkaðurinn í Evrópu er í höndum tiltölulega fárra en sterkra aðila.

Aðstæður þær, sem lýst hefur verið hér að framan, benda eindregið til, að alíslenzk kísilgúrverksmiðja, sem sjálf mundi annast sölu gúrsins, mundi mæta miklum söluerfiðleikum.

Fyrirtækið AIME er framleiðslu- og verzlunarfyrirtæki með efnavörur ýmiss konar. Hefur fyrirtækið gott dreifingarkerfi fyrir slíkar vörur og traust viðskiptasambönd. Samvinna við slíkt fyrirtæki mundi minnka, eins og kostur er á, áhættuna, sem fólgin er í sölutregðu á kísilgúrnum og verður því ekki aðeins talin æskileg, heldur nauðsynleg. Samvinna þessi þykir bezt tryggð með því, að hið erlenda fyrirtæki hætti sjálft fjármagni í kísilgúrverksmiðjunni.

Í nóvember 1961 gerðu fulltrúar íslenzku ríkisstjórnarinnar því samkomulag við AIME um, að AIME og Billiton létu gera á sinn kostnað umfangsmiklar rannsóknir á stóru sýnishorni af botnleðju úr Mývatni, sem sent var til Hollands í því skyni. Skyldu rannsóknir þessar unnar hjá þekktri opinberri rannsóknastofnun þar í landi, TNO (Nederlandsche Centrale Organisatie voor Teogepast-Natuurwetenschappelijk Onderzoek), og vera bæði tæknileg rannsókn á eðli og eiginleikum gúrsins og rannsókn á markaðsmöguleikum.

Jafnframt var AIME-Billiton heitið hlutafjäreign í hlutafélagi um verksmiðjuna, ef til kæmi.

Samkomulag þetta var uppsegjanlegt af hálfu hvors aðila um sig með 6 mánaða fyrirvara, ef samningar tækjust ekki um stofnun nefnds hlutafélags.

Í október 1962 gáfu markaðsrannsóknir TNO til kynna, að kísilgúr mundi fara halloka á næstu árum í samkeppni við bikstein. Á hinn bóginn voru niðurstöður af tæknilegum rannsóknum TNO jákvæðar svo langt sem þær voru þá komnar.

Vegna þessara nýju viðhorfa TNO til markaðsmálanna töldu AIME og Billiton ekki að svo stöddu koma til greina veruleg fjárfesting af þeirra hálfu í kísilgúrverksmiðjunni. Að fyrirlagi Billiton sögðu fyrirtækin því upp samkomulaginu frá í nóvember 1961. Jafnframt voru tæknirannsóknir TNO stöðvaðar.

Tæknirannsóknunum var haldið áfram af hálfu Baldurs Lindals og reyndust

niðurstöður þeirra mjög jákvæðar. AIME og hinir íslenzku aðilar gerðu því nýtt samkomulag í apríl 1963 um áframhaldandi samvinnu í máli þessu. Samkvæmt því skyldi íslenska ríkið standa straum af kostnaði við, að TNO lyki tæknirannsóknnum sínum. Jafnframt skyldi AIME gera fullkomna markaðsrannsókn á sinn kostnað. Tæknirannsóknirnar skyldu einkum taka til rannsókna á tæknilegum möguleikum til framleiðslu síunargúrs úr botnleðju Mývatns, svo og áætlunar á stofnkostnaði kísilgúrverksmiðju við Mývatn og framleiðslukostnaði. Markaðsrannsóknunum var ætlað að beinast ekki hvað sízt að samkeppnishæfni biksteins við kísilgúr. Báðum þessum rannsóknnum lauk í desember 1963 með jákvæðum árangri.

Visast í þessu efni til skýrslu Baldurs Línalds, efnaverkfræðings, í fylgiskjali I, um kísilgúrvinnslu við Mývatn, en þar koma fram niðurstöður Baldurs, AIME, TNO og annarra í máli þessu. Þá er að finna stutta frásögn í fylgiskjali II af rannsóknunum AIME og TNO og áætlun um stofnkostnað og framleiðslukostnað kísilgúrverksmiðjunnar í fylgiskjali III.

Til að rekstur kísilgúrverksmiðjunnar geti verið með eðlilegum hætti, þarf að tryggja henni öruggt vegasamband við hlutaðeigandi útflutningshöfn allt árið um kring. Er sérstaklega vikið að þessu vandamáli í fylgiskjali VI.

Á grundvelli afstaðinna rannsókna var hinn 27. febrúar 1964 gert nýtt samkomulag við AIME um að hrinda í framkvæmd á ákveðinn hátt ráðagerðum um stofnun og rekstur kísilgúrverksmiðjunnar, enda fengist til þess nauðsynleg heimild Alþingis. Samkvæmt því skal stofnsett undirbúningsfélag hér í hlutafélagsformi til að láta teikna og undirbúa á annan hátt kísilgúrverksmiðju við Mývatn. Félaginu er ætlað að leiða til lykta allan tæknilegan, viðskiptalegan og fjárhagslegan undirbúning að byggingu og rekstri verksmiðjunnar með það fyrir augum, að byrjað verði að reisa hana sumarið 1965. Jafnframt mun það gera markaðsmálunum frekari skil. Telji báðir aðilar árangur þessa undirbúnings viðunandi, gerir samkomulagið ráð fyrir stofnun tveggja hlutafélaga, framleiðslufélags og sölufélags.

Framleiðslufyrirtækinu er ætlað að taka við af undirbúningsfélaginu og annast framleiðslu og útflutning kísilgúrsins.

Sölufélaginu er tryggður einkaréttur á sölu kísilgúrsins utan Íslands og er ráðgert að stofna fyrirtæki þetta í Hollandi. Er talið, að hér sé um að ræða hentugasta sölufyrirkomulagið, sbr. athugasemdir við 6. grein frumvarpsins.

Varðandi samkomulag þetta visast að öðru leyti til fylgiskjals VII, þar sem það birtist í íslenskri þýðingu, svo og til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins.

Með því að stofnun félags um kísilgúrverksmiðju sýnist nú tímabær, er frumvarp þetta lagt fyrir Alþingi.

Frumvarpinu er ætlað að veita ríkisstjórninni þær heimildir Alþingis, sem henni eru nauðsynlegar til að vinnsla kísilgúrs úr botnleðju Mývatns geti orðið veruleiki.

Um frekari skýringar á frumvarpinu visast til eftirfarandi athugasemda við einstakar greinar þess:

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Rannsóknir hafa leitt í ljós, að úr botnleðju Mývatns sé á arðbæran hátt unnt að framleiða markaðshæfan kísilgúr. Í grein þessari er ríkisstjórninni því falið að beita sér fyrir stofnun hlutafélags til að reisa og reka kísilgúrverksmiðju við Mývatn. Hlutafélagsformið sýnist vera eina félagsformið, sem til greina komi við reksturinn með hliðsjón af fyrirhugaðri erlendri hlutdeild í fyrirtækinu, sbr. það, sem áður segir um það efni.

Auk þessa eru í 1. gr. veittar heimildir til handa ríkisstjórninni í fimm tölulíðum, sem ræddir verða hver fyrir sig.

1. Hér er heimild til hlutafjárframlags af hálfu ríkissjóðs allt að 50 millj. kr.

Samkomulagið við AIME gerir ráð fyrir því, að hlutafé framleiðslufélagsins verði minnst 30 millj. kr. alls. Þar af leggji íslenska ríkið fram eigi minna en 51%, en mest getur framlag þess orðið 90% samkvæmt samkomulaginu. Á hinn bóginn liggja ekki fyrir endanlegar áætlanir um stofnkostnað verksmiðjunnar. Ætla má samt sem áður, að engan veginn komi til þörf á hærra hlutafjárframlagi af hálfu ríkisins en heimild þessi tekur til.

Tollar af vörum til uppbyggingar verksmiðjunnar, svo og tekjur af sölu eða leigu ríkisins á réttindum til hennar, mundu auðvelda ríkissjóði fjáröflun til greiðslu hlutafjárframlags þess. Telji ríkisstjórnin eftir sem áður nauðsynlegt að dreifa greiðslu hlutafjárframlagsins á lengri tíma, er henni ætluð heimild til lántöku í því skyni.

Enn fremur er gert ráð fyrir, að lántökuheimildin taki til greiðslu undirbúningskostnaðar. Er þá einkum átt við kostnað við að reisa hitaveitu við Námaskarð. Þar sem hitaveitan yrði eign ríkisins, mundi hér vera um að ræða framlag af hálfu ríkissjóðs til greiðslu stofnkostnaðar hitaveitunnar og því vera óviðkomandi ákvæði 1. töluliðs 3. gr., um endurgreiðslu undirbúningskostnaðar.

2. Hér er ríkissjóði heimilað að selja verksmiðjunni hráefni úr kísilgúrnámunni í Mývatni utan netlaga eða leigja hlutafélaginu rétt til að nýta hana.

Um rétt til ráðstöfunar kísilgúrnámunnar vísast til álitserðar Ólafs Jóhannessonar, prófessors, sem prentuð er hér á eftir sem fylgiskjal IV.

Rétt þykir, að ríkisstjórnin hafi óbundnar hendur um, hvort hún lætur sjálf vinna hráefni úr námunni og selur verksmiðjunni eða leigir henni rétt til töku hráefnis úr námunni.

3. Hér er gert ráð fyrir heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja kísilgúrverksmiðjunni nauðsynlegt jarðnæði, sem ríkið á eða eignast við eignarnám.

4. Til að sjá kísilgúrverksmiðjunni fyrir jarðhita koma tvær leiðir til greina. Önnur er sú að veita verksmiðjunni ákveðinn rétt til að hagnýta á eigin vegum jarðhitann við Námaskarð. Hin er, að ríkið reisi og reki þar hitaveitu, er selji verksmiðjunni jarðhita. Hér er gert ráð fyrir, að síðarnefnda leiðin sé farin og þar með lagður grundvöllur að sölu á jarðhita til fleiri aðila en verksmiðjunnar.

5. Loks er ríkisstjórninni veitt heimild til að semja um lækkan aðflutningsgjalda af vörum til byggingar verksmiðjunnar.

Athugun hefur leitt í ljós, að miðað við núgildandi reglur, mundu aðflutningsgjöld af innfluttum vörum til byggingar kísilgúrverksmiðju að líkindum hækka heildarbyggingarkostnað verksmiðjunnar um 20% og t. d. nema ná. 41% af fobverði véla, en nál. 11% af heildarverði bygginga og um 26% af heildarverði flutningatekja og námavinnslutækja. Þótt tölur þessar séu áætlunartölur, má telja fullvíst, að þær séu ekki fjarri sanni. Slík tollun vara til stofnsetningar iðjuvera til útflutningsiðnaðar mun naumast nokkurs staðar þekkjast utan Íslands og getur því ráðið úrslitum um samkeppnishæfni iðjuvers, sem reist er hér á landi til framleiðslu á vörum til útflutnings. Endanlegt mat á því, hver greiðslugeta slíks fyrirtækis er í þessu efni, getur hins vegar ekki farið fram, fyrr en endanlegar kostnaðaráætlanir hafa verið gerðar.

Á það er einnig vert að benda í sambandi við samkeppnisaðstöðu kísilgúrverksmiðju við Mývatn, að verksmiðjan verður ekki vel staðsett, við vetrarríki með þeim erfiðleikum, sem því fylgir og langan veg að útflutningshöfn. Auk þess þarf verksmiðjan að þurrka allt hráefni sitt með verulegum kostnaði, meðan erlendar verksmiðjur vinna almennt sitt hráefni mun þurrara úr uppbornuðum stöðuvötnum. Þá er verulegur munur á, hversu vandaðri og þar með dýrari verksmiðjuhús þurfa að vera hér á landi en víðast annars staðar, þar sem kísilgúr er unninn við góð veðurskilyrði.

Vegna þessa er ekki annars kostur en veita heimild til að lækka aðflutningsgjöld af vörum til verksmiðjunnar eins og hér er gert ráð fyrir, eftir því sem nauðsynlegt reynist og um semst.

Um 2. gr.

Ríkisstjórninni er hér heimiluð þátttaka í stofnun undirbúningsfélags í hlutafélagsformi, er annist skipulagningu kísilgúrverksmiðjunnar og annan undirbúning að byggingu hennar og rekstri. Samkomulagið við AIME gerir ráð fyrir stofnun slíks félags, sem framleiðslufélagið samkvæmt 1. gr. taki síðan við af.

Hlutfé undirbúningsfélagsins er ráðgert 10 millj. kr., sem leggst fram með þrem jöfnum greiðslum, þ. e. við stofnun félagsins, 1. júlí 1964 og 1. des. sama ár. Framlagi ríkisins er ætlað að nema 80% hlutfjárins og framlagi AIME 20% þess. Hvor aðili fær endurgreiddan í hlutabréfum þann kostnað, sem lagt hefur verið í vegna undirbúningsrannsókna. Við stofnun framleiðslufélagsins veita hlutabréf í undirbúningsfélaginu rétt til hlutabréfa í hinu nýja félagi að sama nafnverði.

Um 3. gr.

Í þessari grein eru sett tvö skilyrði í sambandi við stofnun hlutafélags skv. 1. gr. og 2. gr.

1. Þegar ríkissjóður leggur í verulegan kostnað til undirbúnings tilteknu fyrirtæki og annar aðili tekur síðan við, verður að telja eðlilegt, að ríkissjóður krefjist endurgreiðslu undirbúningskostnaðarins eða með öðrum orðum selji undirbúningsvinnuna við kostnaðarverði. Sama máli mundi að sjálfsögðu gegna um aðra þá, sem leggja í undirbúningskostnað.

Því er gert ráð fyrir skilyrði um endurgreiðslu alls útlagðs kostnaðar ríkissjóðs vegna þessa máls.

2. Gert er ráð fyrir nafnskráningu hlutabréfa til að öruggt eftirlit verði haft með hlutfjáreigninni.

Um 4. gr.

Fjöldi stofnenda hlutafélaga skv. 1. gr. og 2. gr. er hér undanþeginn ákvæði hlutafélagalaga um, að þeir megi ekki vera færri en 5. Jafnframt er hér veitt undanþága frá því ákvæði sömu laga um, að slíta beri hlutafélagi verði hluthafar færri en 5.

Þá er ríkinu og hinum erlenda aðila hér veittur réttur til að vera fullgildir aðilar að stofnun hlutafélaganna. Er hér um að ræða undanþágu frá hlutafélagalögnum, sem gera aðeins ráð fyrir því, að einstaklingar geti verið meðal stofnenda.

Íslenzka ríkið og erlendi aðilinn munu tilnefna fulltrúa í stjórn hlutafélaganna. Sem umboðsmenn hluthafa þurfa þeir ekki að fullnægja því skilyrði 1. málslíðs 1. mgr. 32. gr. hlutafélagalaganna, að engan megi kjósa í stjórn hlutafélags, nema hann eigi hlut í félaginu. Á hinn bóginn þarf væntanlega að koma til sérstök undanþága samkvæmt niðurlagi 4. gr. laganna um iðju og iðnað nr. 18 frá 31. maí 1927, til að umboðsmenn erlenda aðilans geti svo gilt sé verið í stjórn hlutafélaganna án þess að eiga heimilisfang hér á landi.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. er ákvæði um, að íslenzka ríkið skuli ekki eiga minna en 51% hlutfjár í framleiðslufélaginu og undirbúningsfélaginu. Eðlilegt er, að ríkinu sé þannig tryggður meiri hluti hlutfjárins, þar sem ríkisstjórnin hefur haft veg og vanda af málinu allt frá upphafi og námuréttindin, sem um er að ræða, eru í almennings eign.

Í samkomulaginu við AIME er kveðið svo á, að hlutféð í framleiðslufélaginu skuli ekki vera minna en kr. 30 millj. Með þessu móti er ætlunin að tryggja traustan fjárhagslegan grundvöll félagsins og hafa erlendar skuldir þess eins lágar og kostur er. Í samkomulaginu er á sama hátt og í frumvarpinu gert ráð fyrir því, að minnst 51% hlutfjárins sé í eigu íslenzka ríkisins, en AIME leggi fram minnst 10% þess og mest 20%. Í hlutfjárframlagi AIME yrði í þessu sambandi meðtalin sú hlutfjáreign, sem hið erlenda sölufélag samkvæmt 6. gr. mundi öðlast í framleiðslufélaginu við hlutabréfaskipti þau, sem samkomulagið við AIME gerir ráð

fyrir, að fari fram milli sölufélagsins og framleiðslufélagsins. Að öðru leyti verði hlutafjárframlagið tryggt með viðbótarframlagi ríkisins eða sölu á hlutabréfum til bæjar- og sveitarfélaga eða annarra aðila hér á landi.

Í 2. mgr. felst undanþága frá því ákvæði hlutafélagalaganna, að enginn megi fara með meira en $\frac{1}{5}$ hluta atkvæða í hlutafélagi.

Um 6. gr.

Mikilvægt er, að kísilgúrverksmiðjan hafi sem bezta aðstöðu til að fylgjast með og hafa áhrif á sölu og dreifingu framleiðslunnar erlendis, en eins og áður er komið fram er ráðgerð nán samvinna í þessu efni við erlent fyrirtæki. Talið er, að slík aðstaða verði bezt tryggð með því, að stofnsett verði sérstakt hlutafélag erlendis til að gegna téðu hlutverki og kísilgúrverksmiðjunni tryggð hlutdeild í því. Hér er því gert ráð fyrir heimild til handa kísilgúrfyrirtækinu til kaupa á hlutabréfum í slíku hlutafélagi.

Í samkomulaginu við AIME eru lögð drög að stofnun umrædds sölufélags í Hollandi með hlutafé, er nemi 200 000—400 000 Dfl. (2.4—4.8 millj. kr.). Framleiðslufélaginu er í samkomulaginu tryggður réttur til að eignast allt að 40% hlutafjárins með hlutabréfaskiptum. Jafnframt er því tryggður a. m. k. einn fulltrúi í stjórn sölufélagsins, án tillits til hlutafjäreignar. Þá er framleiðslufélaginu áskilinn forkaupsréttur að þeim hlutabréfum í sölufélaginu, sem AIME kynni að vilja selja síðar meir.

Um 7. gr.

Hér er ríkisstjórninni veitt heimild til að taka jarðnæði og önnur réttindi eignarnámi eftir því sem nauðsyn krefur til að tryggja framkvæmd 1. gr.

Af tveimur ástæðum er ekki unnt að greina ákveðið, hvaða landssvæði og hver réttindi hér er um að ræða. Áætlunum um verksmiðju og hitaveitu er ekki svo langt komið, að unnt sé að tilgreina nákvæmlega hagkvæmustu staðsetningu mannvirkja, auk þess sem ekki er lokið athugun á, hversu víðtæk réttindi ríkissjóðs eru við Mývatn og Námaskarð.

Um 8. gr.

Ef um verður að ræða eignarhlutdeild af hálfu hollenzkra aðila í fyrirhugaðri kísilgúrverksmiðju, ris vandamálið um tvísköttun arðs af hlutafé, sem yrði í þeirra eigu. Tvísköttunarsamningur hefur ekki verið gerður milli Íslands og Hollands, svo að arðurinn yrði að öllu óbreyttu skattlagður hér sem tekjur hinna erlendu eigenda hlutafjárins og síðan aftur í Hollandi.

Slíkt fyrirkomulag um skattgreiðslur mundi útiloka með öllu hlutdeild hinna erlendu aðila í væntanlegu hlutafélagi.

Þessi grein gerir aðallega ráð fyrir því, að gerður verði tvísköttunarsamningur við Holland. Slík samningsgerð tekur alltaf nokkurn tíma. Þar til slíkur samningur er gerður, er því gert ráð fyrir heimild til að haga skatt- og útsvarsgreiðslum af arðgreiðslum til erlendis búsettra hluthafa í samræmi við 10. grein í tillögu að milliríkjasamningi um tvísköttun, sem OECD-ráðið samþykkti hinn 30. júlí 1963. Ætla má, að í höfuðatriðum verði tillaga þessi smám saman lögð til grundvallar í tvísköttunarsamningum aðildarríkja OECD. Umrædd grein tillögunnar fjallar um skattlagningu arðs af hlutabréfum og er hún prentuð hér á eftir í íslenskri þýðingu sem fylgiskjal V.

Um 9. gr.

Hér er ákvæði um, hvaða ráðherrar fari stjórnskipunarlega séð með málefni kísilgúrverksmiðjunnar og hitaveitunnar.

Fylgiskjal I.

Baldur Líndal, efnaverkræðingur:

Kísilgúrvinnsla við Mývatn.

28. janúar 1964.

Við höfum nefnt hinar ólífrænu leifar kísilþörungna kísilgúr hér á landi. Orðið kísilgúr er dregið af þýzka nafninu á þessu efni, sem er Kieselgur. Á ensku er samsvarendi heiti diatomite og einnig diatomaceous earth, en hið síðarnefnda er meira notað um óunnið eða lítið unnið efni.

Þessar leifar kísilþörungna eru mjög mismunandi lagaðar kísilskeljar, því venjulega er um að ræða margar tegundir af þörungum og hver tegund um sig hefur sína eigin sérkennilegu lögun. Skeljar þessar eru örsmáar og lögun þeirra sést einungis í smásjá, því stærðin er yfirleitt milli eins þúsundasta og 200 þúsundustu úr millimeter. Þær falla til botns í sjó og vötnum og mynda set, sem oft á tíðum finnast síðar á þurru landi sökum breytinga, sem þá hafa átt sér stað á afstöðu láðs og lagar.

Kísilskeljarnar eru nærri hreint kísilhydrat ($\text{SiO}_2 + \text{kristalvatn}$), en í námunum er kísilgúrin alltaf blandaður meiru og minna af aðkomuefnum, svo sem vatni, rötum, sandi, leir, járnsamböndum og jafnvel magnesíum og kalsíum karbónötum. Auk þess er venjulega eitthvað af lífrænu efni eftir á þessum skeljum. Efnið í námunum hefur sem heild verið nefnt kísilmold hér á landi.

Vinnsla kísilgúrs úr kísilmold er að mjög miklu leyti fólgin í að hreinsa aðkomuefnin frá kísilskeljunum, en kísilgúrin er þó hagnýtanlegur á ýmsum stigum þessarar hreinsunar. Um þrjú megin vinnslustig er þá að ræða.

Í fyrsta stiginu fæst hinn svokallaði náttúrlegi gúr, sem er þurrkað efni og ef til vill eru grófustu óhreinindin, svo sem sandur og rætur numin burtu. Litur gúrsins er þá oft ljósgrár.

Annað stig vinnslunnar gefur hinn glædda kísilgúr, sem hefur verið hitaður að minnsta kosti upp í 600° , og oftast hreinsaður að meira eða minna leyti. Liturinn á gúrnum er þá bleikur.

Þriðja stigið er hinn efnaglæddi gúr, sem hefur verið hitaður upp í 1100° með smávegis íblöndun natríumefna og hreinsaður fullkomlega. Liturinn er þá hvítur.

Yfirleitt er gúrin þvi dýrari sem hann er meira unninn og hinn náttúrlegi gúr því venjulega verðlægstur og hinn efnaglæddi hæstur.

Hins vegar er reyndin sú, að það er fremur fátítt að hræfnið sé það gott, að efnaglæðing sé tiltækileg. Algengasta ástæðan er þá sú, að óhreinindin nást ekki burtu á fullnægjandi máta. Flestir framleiðendur verða því að setta sig við framleiðslu á hinum verðminni tegundum gúrsins. Hinn efnaglæddi kísilgúr er einkanlega notaður við síun á vökvum.

Heimsframleiðslan.

Í hinni víðustu merkingu orðsins kísilmold finnst hún mjög víða, því að kísilþörungar lifa bæði í sjó og fersku vatni og lög af leifum þeirra myndast auðveldlega. Hins vegar eru hinar hagnýtu námur ekki ýkja margar og kemur þar margt til.

Í fyrsta lagi þarf magn gúrsins að vera mikið. Í öðru lagi þurfa aðstæður til vinnslu námunnar að vera góðar. Í þriðja lagi þarf að vera unnt að hreinsa efnið á ódýran hátt og kísilþörungaskeljarnar þurfa að vera af hagnýtri gerð. Gera má ráð fyrir, að heimsframleiðslan nemi nú 1 millj. tonna á ári. Þar af framleiða Bandaríkin um það bil helming, og helztu Evrópulönd sem hér segir árið 1962: Frakkland (+ Tripoli) 110 000 tonn, Þýzkaland 72 900 tonn, Danmörk 33 000 tonn („moler“ undansk.), Ítalía 55 000 tonn og Bretlandseyjar 24 900 tonn. Mörg önnur lönd framleiða eitthvað af kísilgúr, en öruggar skýslur eru ekki fyrir hendi frá þeim öllum.

Bandaríkin virðast hafa staðið einna fremst í kísilgúrframleiðslu um nokkurt skeið, og var notkun kísilgúrs þar á eftirfarandi hátt árið 1960:

Í síun	48%
Sem fylliefni	25%
Einangrun	5%
Ýmislegt	22%

Í Evrópu eru þessi hlutföll mikið önnur, og er einangrunar- og fylliefnanotkunin mikilvægari þættir þar, en síunarefnaþátturinn er mun minni, enda er þar skortur á efni, sem hæft sé til efnaglæðingar.

Botnleðja Mývatns.

Mývatn mun vera um 38 km² að stærð og í miklum hluta þess hefur reynzt vera þykk botnleðja, sem er kísilmöld. Mælingar hafa bent til þess, að þykktin sé víðast meira en 3 metrar og á stórum svæðum meira en 4 metrar. Þykktarmælingarnar eru þó of fáar til þess að unnt sé að gera nákvæma grein fyrir heildarmagninu, en þó má ætla, að það sé nálægt 100 millj. rúmmetrum. Þar að auki á sér stað nokkur aukning árlega, en hve mikil hún er, er ekki vitað með neinni vissu.

Nú munu 100—150 kg af fullunnum kísilgúr víðast hvar fást úr einum rúmmetra af leðjunni í Mývatni, svo að þá ættu 100 millj. rúmmetrar að samsvara 10—15 millj. tonnum af fullunnum kísilgúr. Þótt við gerðum ráð fyrir, að aðeins 15% af þessu magni væri gott til námugraftar, sem er án efa of lág tala, væri það samt nægilegt magn fyrir 50 000 tonna verksmiðju í 30—45 ár. Það er því enginn efi á því, að nægilegt magn af kísilgúr er þarna fyrir hendi, enda mun Mývatnsnáman sem heild vera á meðal þeirra stærri, sem þekktar eru.

Hráefnið í Mývatni er gott til framleiðslu á efnaglæddum gúr og ætti framleiðsla þarna því að geta bætt nokkuð úr skorti þeim, sem á þess konar gúr er í Evrópu. Tilraunir með að nota efnið við síun hafa gefið góða raun.

Vinnsla við Mývatn.

Þar sem kísilgúrleðjan í Mývatni er óvenjulega vatnsmikil, miðað við það, sem kísilmöld unnin annars staðar er vön að vera, er gert ráð fyrir að taka hana upp úr vatninu með sem minnstri vatnsíblöndun. Með það fyrir augum er fyrirhugað að nota sérstaklega gerðan grabba við gröftinn. Við flutning leðjunnar í land má annað hvort nota pramma eða flot-færíbönd. Í seinna tilfellingu má knýja tækin með raforku. Nú er fyrirhugað að byrja leðjunamið í hinum svonefnda Ytri-Flóa í Mývatni, en það er sá hluti vatnsins, sem næstur er Reykjahlíð.

Næsta skref vinnslunnar er að nema burtu vatnið. Jafnvel þótt engin íblöndun eigi sér stað, nemur það um 80% af þunga hráefnisins. Ríflega einn þriðja hluta þessa vatns má nema burtu með síun jafnt sem þurrkun. Við síunina er líka um það að velja að nota vélræna síun eða náttúrlega síun, þar sem vatnið væri látið síga úr leðjunni í stæði á þurru landi. Þessi síðar nefnda aðferð mun vera ódýrari og heppilegri á flestan hátt. Því er nú gert ráð fyrir að koma upp slíku stæði sem næst Mývatni. Í svona stæði þarf leðjan að standa í um það bil eitt ár, áður en frekari vinnsla fer fram. Að því loknu er gert ráð fyrir að flytja efnið að verksmiðjunni, sem nú er fyrirhuguð í Bjarnarflagi við Námaskarð.

Það, sem nú er eftir af vatni í hráefninu, verður að nema burtu með þurrkun. Við þann hluta vinnslunnar er fyrirhugað að nota gufu, sem þarna má fá úr jörðu.

Næsta skrefið er hreinsun lifrænna efna úr gúrnum. Þau eru brennd úr með því að hita efnið upp í um 600°. Þá er sandur og smærri ólifræn efni skilin frá, sem venja er til, og hinn lág-glæddi gúr er þá fenginn.

Hinn efna-glæddi gúr fæst nú með hitun upp í 1000—1100°, ásamt efnaíblöndun. Þetta fer fram í olíukyntum snúningsofni og kemur gúrin þáðan sem hvítt efni, sem síðan er stærðargreint og sekkjað. Það er einungis þessi efnaglæddi gúr, sem fyrirhugað er að framleiða við Mývatn í bili, og er hann nær einvörðungu ætlaður í síun.

Fylgiskjal II.

Frásögn af rannsóknnum AIME og TNO.

Í apríl 1963 gerðu fulltrúar íslenzku ríkisstjórnarinnar og hollenzka fyrirtækið Algemene Industriële Mineraal- en Ertsmaatschappij (skammst. AIME) samkomulag um frekari samvinnu við undirbúning kísilgúrframleiðslu við Mývatn. Samkvæmt því skyldi AIME gera rannsókn á sinn kostnað á markaði fyrir íslenzkan kísilgúr. Þá skyldi hollenzka rannsóknarstofnunin Nederlandsche Centrale Organisatie voor Teogepast-Naturwetenschappelijk Onderzoek (skammst. TNO) rannsaka á kostnað íslenzka ríkisins eiginleika hráefnisins úr Mývatni til kísilgúrvinnslu og endurskoða áætlun um framleiðslukostnað.

Markaðsrannsóknir AIME.

Í árslok 1962 þótti líklegt, að í náinni framtíð mundi biksteinn (perlite) leggja undir sig þó nokkurn hluta síunarefnamarkaðsins og hafa áhrif á verð síunargúrs til lækkunar. Með markaðsrannsókn AIME var því ekki hvað sízt ætlað að kanna til fullnustu samkeppnisaðstöðu biksteins gagnvart kísilgúr.

Í stórum dráttum voru niðurstöður rannsóknarinnar þessar:

1. Öruggt má telja, að notkun síunargúrs í Evrópu sé í örum vexti.
2. Horfur eru á hækkandi markaðsverði á síunargúr í Evrópu.
3. Fullvist má telja, að biksteinn og síunargúr hafi haslað sér völl hvor á sínu notkunarviði og notkun beggja muni þróast í vaxandi mæli, án þess að áhrif annars til lækkunar á verði hins gæti svo miklu nemi.
4. Álitið er, að unnt sé að selja minnst 12 000 tonn af íslenzkum síunargúr í Evrópu á ári, án þess að það valdi verðlækkun á markaðnum.

Tæknirannsóknir TNO.

Rannsóknirnar hófust í júní 1963, samkvæmt ósk stóriðjunefndar, og snerust um tæknilega möguleika til framleiðslu á kísilgúr úr botnleðju Mývatns. Rannsóknir TNO höfðu þá legið niðri síðan í september 1962. Í millitíðinni vann Baldur Líndal að tilraunum á þessu sviði. Beindust þær einkum að tvennu. Í fyrsta lagi að því að hreinsa gúrinn sem bezt með því að ná úr honum öskunni með þar til gerðu hreinsunartæki. Í öðru lagi að þeim þáttum glæðingarinnar á gúrnum, sem haft gætu áhrif á gæði hins fullunna gúrs. Árangur þessara tilrauna réttlættu áframhald þeirra af hálfu TNO í stærri stíl.

Helztu niðurstöður rannsókna TNO voru þessar:

1. Tilraunir sýna, að unnt er að framleiða síunargúr úr botnleðju Mývatns, sem er fyllilega sambærilegur við þann bandaríska hvað gæði snertir.
2. Með því að nýta 100 000 tonn af botnleðju á ári (80% vatn) má framleiða 11 500 tonn af síunargúr af ýmsum tegundum.

Í áætlun þeirri um stofnkostnað og reksturskostnað kísilgúrverksmiðjunnar, sem birtist í fylgiskjali III, er m. a. stuðst við niðurstöður rannsókna TNO í því efni.

Fylgiskjal III.

5. febrúar 1964.

Stofnkostnaður, framleiðslukostnaður og arðgjöf.

Gerðar hafa verið áætlanir um stofnkostnað og árlegan rekstrarkostnað kísilgúrverksmiðju við Mývatn. Er hér um að ræða bráðabirgðaáætlanir, sem gerðar voru upphaflega af hollenzku rannsóknarstofnuninni TNO, en hafa síðan verið endurskoðaðar og auknar m. a. með tilliti til aðstæðna hér á landi, einkum af Baldri Líndal, efnaverkfræðingi. Miðast áætlanirnar við, að í verksmiðjunni megi framleiða 11 500 tonn af síunargúr á ári. Er það lítil verksmiðja a. m. k. miðað við aðstæður í Bandaríkjunum, þar sem lágmarksstærð slíkra verksmiðja er talin vera 35 000 tonn. Allt

hefur að svo stöddu mælt með því, að miða ekki við stærri verksmiðju hér í byrjun en 11 500 tonn, þótt sum tæki, sem miðað er við í áætlununum hafi þrefalt meiri afkastagetu þegar frá byrjun.

Bráðabirgðaáætlun um stofnfjárbörf bendir til þess, að hún nemi um 130 milljón-um króna. Er þar innifalið, auk stofnkostnaðar hinnar eiginlegu verksmiðju, graftr-artæki, flutningatæki vegna flutninga á hráefni til verksmiðju og fullunnum vörum til hafnar, afurðageymslur bæði við verksmiðjuna og við höfn, skrifstofu- og mötu-neytisbygging og þrjú íbúðarhús. Aðflutningsgjöld af innfluttum vélum og efni eru meðtalin. Auk þessa er meðtalin rannsóknar- og undirbúningskostnaður og loks nokkur upphæð vegna rekstrarfjár, sem leggja þarf til í upphafi. Hins vegar hefur ekki þótt eðlilegt að innifela fé til vegalagna í þessari áætlun, enda þótt þeirra verði vafalaust þörf.

Fast starfslið verksmiðjunnar er áætlað 50—60 manns. Enn fremur er gert ráð fyrir talsvert auknu starfsliði að sumri til og að sjálfsögðu ná þessar tölur ekki til útskipunarvinnu og ýmiss konar þjónustu, sem óhjákvæmileg er slíkri framleiðslu sem þessari.

Í áætlun um rekstrarkostnað verksmiðjunnar er gert ráð fyrir, að öll framleiðslan verði flutt út. Bráðabirgðatölur um rekstrarkostnað benda til þess, að beinn rekstrarkostnaður, að meðtöldum flutningskostnaði til erlendarar hafnar, en án vaxta og afskrifta, nemi um 32 millj. kr. á ári miðað við fulla nýtingu afkastagetu. Nú mun mega gera ráð fyrir, að verksmiðjan fái kr. 4000—5000 fyrir tonnið komið í erlenda höfn. Hærra verðið er nálægt því að vera það verð, sem nú er á kísilgúr af svipuðum gæðum og gert er ráð fyrir að framleiða megi við Mývatn, en lægra verðið er það lægsta, sem eðlilegt er talið að reikna með nú. Samkvæmt ofangreindum forsendum og miðað við fulla nýtingu afkastagetu verður því rekstrarafgangur upp í vexti, afskriftir og ágóða sem hér segir:

	M. kr.
Beinn rekstrarkostnaður	32.1
1. Söluandvirði 4000 kr. á tonn	46.0
Afgangur upp í vexti, afskriftir og ágóða	13.9
eða ca. 11% af stofnkostnaði.	
2. Söluandvirði 5000 kr. á tonn	57.5
Afgangur upp í vexti, afskriftir og ágóða	25.4
eða ca. 20% af stofnkostnaði.	

Ef aðflutningsgjöld eru felld niður að mestu og stofnkostnaður lækkar í 110 millj. kr., verður afgangur upp í vexti og afborganir og ágóða sem hér segir:

Miðað við 4000 kr. verð á tonn	12.6%
Miðað við 5000 kr. verð á tonn	23.1%

Gerð hefur verið áætlun um arðgjöf fjármagns þess, sem í verksmiðjuna væri lagt, eftir nokkru flóknari forsendum og þá m. a. gert ráð fyrir, að nokkur ár taki að ná fullri nýtingu afkastagetu. Í fyrsta lagi er áætluð arðgjöf eigin fjár verksmiðjunnar miðuð við, að hún hæfi rekstur með 55 millj. kr. eigin fé. Í öðru lagi var áætluð arðgjöf heildarfjármagnsins, sem í verksmiðjuna væri lagt, að frátöldum aðflutningsgjöldum af vélum og efni og nokkrum stofnkostnaðarliðum öðrum, en arðgjöf heildarfjármagnsins þannig reiknuð er nokkur mælikvarði á þjóðhagslega hagkvæmni verksmiðjunnar. Niðurstöðurnar eru þessar:

a. Söluandvirði 4000 kr. á tonn:	
Arðgjöf eigin fjárins	1%
Arðgjöf heildarfjármagnsins	7%

b. Söluandvirði 5000 kr. á tonn:	
Arðgjöf eigin fjárens	16%
Arðgjöf heildarfjármagnsins	17%

Ekki hefur hér verið tekið tillit til þess, að unnt væri að stækka verksmiðjuna á hagkvæman hátt, ef solumöguleikar og söluverð leyfa.

Framangreindir útreikningar hafa einkum verið byggðir á eftirfarandi skýrslum, sem Baldur Línal, efnaverkfræðingur, hefur samið með aðstoð Rögnvaldar Þorlákssonar, byggingarverkfræðings, og í samvinnu við þá Jakob Gíslason, raforkumálastjóra og Steingrím Hermannsson, framkvæmdastjóra Rannsóknaráðs ríkisins:

1. Stofnkostnaður kísilgúrverksmiðju við Mývatn.

(Bráðabirgðaáætlun.)

Grundvöllur: Framleiðsla 11 500 tonna af síunargúr á ári.

	M. kr.
Hráefnaöflun:	
a. Graftrar- og aðfærslutæki	14.0
b. Bryggja í Helgavogi	0.3
	14.3
Undirbúningsmeðferð:	
a. Garður og sigflöt	2.1
b. Vegagerð o. fl.	0.7
c. Flutningatæki	2.0
	4.8
Verksmiðjan í Bjarnarflagi:	
a. Vélar	42.8
b. Byggingar fyrir vélar	5.6
c. Geymsla fyrir unna vöru	4.8
d. Skrifst., mötun. o. fl.	2.2
	55.4
Íbúðarhús	3.0
Heimtaugargjald	1.0
Gufutengigjald	3.0
Húsavíkurflutningskerfið:	
a. Flutningabílar	1.7
b. Geymsla og útskipunartæki, Húsavík ..	7.8
	9.5
	91.0
Ýmiss og ófyrirséður kostnaður 15%	13.7
	104.7
Verkfræðikostnaður 5%	5.2
	109.9
Vextir á byggingatíma 7%	7.7
	117.6
Rannsókn- og undirbúningskostnaður	3.0
Rekstrarfé	10.0
	130.6
Stofnkostnaður samtals	130.6

2. Beinn rekstrarkostnaður 11 500 tonna kísilgúrverksmiðju við Mývatn.

	M. kr.
Hráefnaöflun, beinn kostnaður	0.5
Orkugjafar:	
a. Raforka	1.6
b. Jarðgufa	2.0
c. Olía	1.3
	4.9
Rekstrarefni:	
a. Pappírspokar	3.6
b. Salt	1.0
c. Efni til viðh. + varahl. í verksm.	1.0
d. Annað	0.2
	5.8
Vinnulaun í verksmiðju:	
a. Stjórn, eftirl. og skrifstofukostn.	1.3
b. Laun í verksmiðju	4.3
c. Annað	0.6
	6.2
Flutningskostnaður, beinn:	
a. Við verksmiðju	0.7
b. Til Húsavíkur	1.3
c. Óviss útgjöld við flutn. til Húsavíkur	0.8
d. Móttaka og útsk., Húsavík	0.9
	3.7
Hafnargj. á Húsavík o. fl.	0.4
Flutningur til útlanda	6.9
Ýmiss kostnaður	3.7

Samtals millj. kr. 32.1

3. Sundurliðun framleiðslukostnaðar í verðmyndunarþætti.

Grundv.: 7% vextir og endingartími véla og mannvirkja.

	Kr. tonn	%
1. Háefnisöflun	241	6.4
2. Sig og flutn. að verksmiðju	122	3.2
3. Vinnsla í verksmiðju	1831	48.6
4. Umbúðir (pokar)	345	9.2
5. Verksmiðjugeymsla	45	1.2
6. Flutningur til Húsavíkur	228	6.1
7. Móttaka og geymsla Húsavík	95	2.5
8. Útskipun	103	2.7
9. Farmgjöld	660	17.5
10. Ótalinn kostnaður	99	2.6

Samtals kr. C.I.F. 3769 100%

Fylgiskjal IV.

Álitsgerð Ólafs Jóhannessonar, prófessors.

Reykjavík, 2. október 1961.

Ég hef verið beðinn að láta í ljós álit mitt á því, hvernig háttað sé eignarrétti að kísilgúr á botni Mývatns.

Eignarréttur á ksilgúrnum er efalaust bundinn við eignarréttinn að vatnsbotninum. Sú spurning, sem hér þarf raunverulega að leysa úr, er því sú, hver eigi rétt til vatnsbotnsins.

Í 4. gr. vatnalaganna nr. 15/1923 segir: „Nú liggur landareign að stöðuvatni, og fylgir vatnsbotn þá þeim bakka, er hann verður talinn framhald af 115 metra út í vatn (netlög)“. Samkvæmt þessu lagaákvæði tilheyra netlögin, þ. e. 115 metrar frá vatnsbakka, aðliggjandi landareign — eru hluti þeirrar fasteignar. Til fasteignar teljast allir eðlilegir hlutar hennar, hvort sem eru lífrænir eða ólífrænir, jafnt jarðargróður sem sandur, möl, leir, vatn o. s. fv. Um eignarrétt að ksilgúr þeim, sem fyrir finnst í netlögum, er því enginn vafi. Hann tilheyrir jörð þeirri, sem netlög fylgja, og er eign jarðareiganda með sama hætti og önnur jarðargæði.

Hins vegar getur orðið spurning um, hvernig háttað sé eignarrétti að vatnsbotni í almenningi stöðuvatna, þ. e. á svæðinu utan netlaga einstakra jarða. Um það efni eru ekki bein lagafyrirmæli. Hins vegar eru í lögum ákvæði um veiði og veiðirétt í almenningi stöðuvatna. Í 8. gr. l. nr. 53/1957, um lax- og silungsveiði, segir: „Landeigendum, er land eiga að stöðuvatni, er einum heimil veiði í almenningi vatnsins, og er hún þeim öllum jafnheimil. Sé forn venja til þess, að veiðiréttur í almenningi stöðuvatns fylgi tiltekinni eða tilteknum landareignum, skal sú venja gilda eftirleiðis. — Nú hefur dorgarveiði um ís verið tíðkuð að undanförunu í almenningi vatns frá jörðum, er ekki eiga land að vatninu, og skal þá slík veiði heimil framvegis. — Rétt er að skipta veiði þeirri, er um ræðir í þessari grein, eftir 4. gr. — Nú er fiskræktarfélag stofnað við stöðuvatn, og hverfur þá veiðiréttur til þeirra einna, er félagar eru í fiskræktarfélaginu, enda starfi félagið svo sem fyrir er mælt í samþykkt þess.“

Í 5. gr. l. 63/1954, um fuglaveiðar og fuglafriðun, segir svo: „Landeigendum, sem land eiga að stöðuvatni, eru einum heimilaðar fuglaveiðar í almenningi vatns, og eru þær þeim öllum jafnheimilar. Sé forn venja til þess, að réttur til fuglaveiða í almenningi stöðuvatns fylgi tiltekinni eða tilteknum landeignum, skal sú venja gilda eftirleiðis.“

Í þessum tveim síðast nefndu lögum er aðeins um að ræða rétt til veiði. Þar er eigi kveðið á um rétt til vatnsbotnsins og þess, er honum fylgir. Spurningin er nú sú, hverjar ályktanir verði dregnar af framangreindum ákvæðum vatnalaga og veiðilaga um það úrlausnarefni, sem hér liggur fyrir. Hér er tvennt hugsanlegt, annaðhvort að álykta frá þeim e contrario, sem kallað er, eða lögjafna frá ákvæðunum um veiðirétt. Sé fyrrnefnda leiðin valin, er litið á ákvæðin um veiðirétt í almenningi stöðuvatns sem undantekningarákvæði, og fyrirmælin um netlög sem algerlega tæmandi að því er tekur til réttar strandareiganda til vatnsbotnsins. Væri síðarnefndi skilningurinn aftur á móti talinn leyfilegur, væru ákvæðin um veiðirétt talin hera vitni um meginreglu þess efnis, að almenningur stöðuvatns, með gögnum öllum og gæðum, þar með talinn vatnsbotn, sé í óskiptri sameign þeirra, er land eiga að stöðuvatni, nema önnur lögmæt skipan hafi þar á verið gerð. Hér verður að kanna, hvort hægt sé að finna, hver tilgangur löggjafans hafi verið, og hvernig litið hafi verið á þessi mál, þegar ákvæði vatnalaganna um netlög voru lögfest, en áður voru ekki bein ákvæði um netlög í stöðuvötnum.

Vatnalögin eru byggð á frumvörpum fossanefndarinnar svokölluðu, en hún skiptist í meiri og minni hluta, sem kunnugt er, og skilaði hvor nefndarhluti frumvarpi og álit.

Í ritgerð Einars Arnórssonar: Um vatnsréttindi, er fylgdi álit meiri hluta fossanefndarinnar (Guðm. Björnssonar, Bjarna Jónssonar og J. Þorlákssonar), segir m. a. um þetta svo: „en af þessum ákvæðum (þ. e. ákvæðum um netlög í sjó) verður ekkert leitt um eignarrétt að vatnsbotni stöðuvatna. Í samþykkt einni, sem gerð hefur verið um silungsveiði í Þingvallavatni, með heimild í lögum nr. 55 30. júlí 1909, segir, að landeigendur eigi „veiðirétt“ út í mitt vatnið (Stjt. B 1911). Svo er

talað um það, ef ágreiningur verður milli „veiðieigenda um mörkin í vatninu.“ Hér er sýnilega einungis verið að skera úr því, hversu hver megi veiða langt út í vatnið, en eigi því, hver eigi vatnsbotn. Og þar sem samþykktin segir fyrst, að hverri jörð, sem land á að vatninu, fylgi „veiðiréttur“, mætti ef til vill álykta, að gert væri ráð fyrir því, að vatnsbotninn fylgdi jörðunum ekki. Það er og alkunnugt, að notendur jarða, sem að veiðivatni liggja, hafa veitt í vatninu, hvar sem þeim hefur sýnzt, og í sumum veiðivötnum hefur verið almenning frá fornu fari, t. d. Mývatni (bréf í Dipl. Isl. VI. nr. 105, 1477). Virðist því, að helzt megi ætla, að landi fylgi eigi af vatnsbotni stöðuvatna, nema sem svarar netlögum í sjó. Löggjafarvaldið hefur að minnsta kosti frjálsar hendur í því efni (Svo hefur landbúnaðarnefndin frá 4. nóv. 1870 og lítið á, sbr. skýrslu hennar, Rvík 1877, bls. 5 — meiri og minni hluta frv.). (Einar Arnórsson: Um vatnsréttindi, bls. 24.).

4. greinin í frumvarpi meiri hluta fossanefndarinnar var að efni til nær samhljóða 4. gr. núgildandi vatnalaga, sem áður er rakin. Í athugasemdum við 4. gr. frv. segir meiri hlutinn: „Í lögum vorum segir hvergi, hversu fara skuli um eignarrétt að hotni stöðuvatna. Hins vegar eru ákvæði um það, hversu langt í sjó út landeigandi skuli eiga (netlög). Eru það eftir gildandi lögum 60 faðmar miðað við stórstraumsfjörumál, tilsk. 20. júní 1849, 3. gr. og 1. 39 2. júní 1914, 2. gr. Er eigi kunnugt, að skapast hafi neinar fastar reglur um eignarrétt landeiganda að vatnsbotni, og virðist löggjafinn því almennt hafa frjálsar hendur um það efni. Er þá þrennt til, 1. að landeigandi eigi ekkert af vatnsbotninum, 2. að hann eigi hann allan eða, ef stöðuvatn skilur lönd manna, þá eigi hver að miðdepli botns þess, eða 3. að landeigandi eigi ákveðið belti meðfram landi sínu. Síðasta reglan er í samræmi við ákvæðin um netlög í sjó fram, og hefur meiri hlutinn hallast að þeirri reglu, og ákveðið netlög í vatni 115 metra, sem er rúmir 60 faðmar.“

1. mgr. í frumvarpi minni hluta fossanefndarinnar (G. Eggerz og Sv. Ólafsson) hljóðaði svo: „Nú liggja tvær eða fleiri landareignir að stöðuvatni, og eiga þær þá allar, hver út frá sér, jafn langt fram í vatnið, þó eigi lengra en 115 metra, en sé þá umfram af vatninu, er það almenningur, nema svo sé, að veiði í því heyri undir sérstakar jarðir eða sérstakar sveitir eftir fornri venju eða löglegum samþykktum.“

Í athugasemdum minni hlutans við 4. gr. frumvarpsins segir: „Samkvæmt ákvæðum Jónsbókar Rb. kap. 61, bls. 169, voru netlög utast „er selnót stendur grunn XX möskva djúpt af fjöru ok komi þá flár upp or sjá.“ En með tilsk. um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849, 3. gr. eru netlög ákveðin 60 faðmar á haf út frá stórstraumsfjörumáli, sbr. einnig lög 2. nóvember 1914 um beitutekju.

Þessi ákvæði viðkomandi hafinu vill minnihlutinn nota um stöðuvötn svo, að landareignum, er að þeim liggja, fylgi land og vatn 60 faðma eða 115 metra út í vatnið, þannig að þetta belti verði skoðað sem einn hluti landareignarinnar. Raunar er hér að því leyti vikið frá ákvæðum Jónsbókar, sem dýpra vatn á stundum fylgir landinu en eftir þeim. Hins vegar eru Jónsbókarákvæðin eftir eðli sínu nokkuð óákveðin. Minnihlutinn telur ekki varhugavert að lögfesta þessa reglu, en vill hins vegar ekki fara eins langt og gert er að því, er til veiðiréttar kemur í samþykkt um silungsveiði í Þingvallavatni, staðfestri af Stjórnarráði Íslands 29. ágúst 1911, en þar er kveðið svo á í 1. gr., að hver jörð, sem land á að Þingvallavatni, eigi veiðirétt í því fyrir sínu landi út í mitt vatnið til móts við ábúanda.

Minnihlutanum hefur hins vegar þótt rétt að telja þann hluta vatnsins almenn- ing, eða ríkiseign, sem liggur fyrir utan vatnsbelti landareignanna, þó með þeim takmörkunum, er réttmætar kunna að þykja vegna veiðiréttarins. Um önnur afnot mun naumast að ræða.“

Tekið er fram, að greinin sé aðallega sniðin eftir 10. gr. í frumvarpi meiri hluta landbúnaðarnefndarinnar frá 1877. Ennfremur er tekið fram, að Sv. Ólafsson hafi nokkra sérstöðu. Vildi hann, að landeigandi ætti ætíð út á 8 metra dýpi.

Frumvarp að vatnalögunum náði eigi fram að ganga fyrr en það hafði verið lagt fram fimm sinnum. Var af ríkisstjórnarinnar hálfu sett saman frumvarp, þar sem frumvörpum meiri og minni hluta var steipt saman og nokkrar breytingar gerðar, sem hér er annars eigi ástæða til að rekja.

Með frumvarpi því, sem lagt var fram á Alþingi 1921, fylgdu athugasemdir frá ríkisstjórninni. Í athugasemdum við 4. gr. frumvarpsins, sem var samhljóða 4. gr. núgildandi vatnalaga, sem ákveður netlögin, og til hefur verið vitnað hér að framan, segir svo: „Það virðist ekkert vera því til fyrirstöðu, að lögleiða það, að landi fylgi ekki vatnsbotn eða vatnsréttindi lengra út í stöðuvatn en nú er út í sjó, gildandi lögum samkvæmt, sjá tilsk. 20. júní 1849, 3. gr. og lög nr. 39 2. nóv. 1914, 2. gr., enda hefur fossanefndin öll orðið á það sátt.“

Í 126. gr. þessa frumvarps að vatnalögunum var svo mælt: „Í stöðuvatni er öllum veiði heimil fyrir utan netlög, nema forn venja banni, enda sé landi annarra ekki spillt, né það notað til uppsáturs eða til að koma þar fyrir veiðigögnum eða öðru sliku.“ Í athugasemdum stjórnarinnar við þessa frumvarpsgrein segir: „Hvorki í fornum lögum né nýjum er nokkur regla um það, hversu langt landeigandi eigi út í botn stöðuvatns. Ef vatn er merkivatn, og allsstaðar mjórra en 230 metrar, fer um það sem merkivötn eftir 124. gr. En ef vatn er annað hvort ekki merkivatn eða breiðara en sagt var, þá er ekki lögmaelt um réttindi landeigenda. Af fyrir-mælum 120. gr. 1. liðs, leiðir ákvæði 1. liðs þessarar greinar um veiðiréttinn í net-lögum. Netlög í sjó eftir gildandi reglum eru hér tekin til fyrirmyndar um vötn, eins og landbúnaðarnefndin frá 1870 og gerði, sjá 10.—13. gr. frv. meiri hl. þeirrar nefndar. Vera kynni, að forn venja heimili eigendum að landi við vatn einum veiði í því, og er þá sleginn varnagli í grein þessari að því leyti. Sbr. og samþykkt um silungsveiði í Þingvallavatni 29. ágúst 1911, 1. gr., sem trauðla mun þó bindandi um veiðirétt landeiganda eins, hver sem er í því vatni.“

Samkvæmt framanskráðu er eigi vafasamt, hvað fyrir löggjafanum hefur að þessu leyti vakað við setningu vatnalaganna. Það er alveg ljóst og óumdeilanlegt, að það var sjónarmið höfunda vatnalaganna, að almenningur stöðuvatns, þar með talinn vatnsbotninn, væri rikiseign. Á það sjónarmið féllst löggjafinn, og eru ákvæði vatnalaganna ótvírætt á því byggð. Samkvæmt því virðist niðurstaðan hér hljóta að verða sú, — hvort sem mönnum finnst sú niðurstaða eðlileg eða ekki, og hvort sem skilningur höfunda vatnalaganna á eldri löggjöf var að þessu leyti í raun og veru réttur eða ekki — að yfir almenningi stöðuvatns eigi strandareigendur ekki annan rétt en þann, sem löggjöfin á hverjum tíma sérstaklega heimilar þeim eða þeir kunna að hafa öðlast með langri notkun. Er og ljóst, þegar athuguð eru og rakin ákvæðin um veiðirétt í almenningum stöðuvatna, að löggjafinn hefur talið sig geta skipað þeim málum að vild sinni — veitt þeim réttindi, er hann vildi.

Í vatnalagafrumvörpum fossanefndarinnar voru ekki ákvæði um veiðiréttindi almennt. Inn í það frumvarp, er Einar Arnórsson að tilhlutan ríkisstjórnarinnar tók saman úr frumvörpum meiri og minni hlutans, og lagt var fyrir Alþingi 1921, var hins vegar skotið inn nýjum kafla um það efni, er síðar varð 13. kafla laganna. Hefur hér að framan verið vikið að einni greininni í þeim kafla, 126. gr., og athuga-sem dnum við hana. Samkvæmt frumvarpsgreininni var aðalreglan sú, að öllum, al-veg án tillits til búsetu, væri heimil veiði í almenningi stöðuvatns. Er þáverandi atvinnumálaráðherra, Pétur Jónsson, fylgdi frumvarpinu úr hlaði, mælti hann með-ál annars: „Ég vil benda á eina viðbót eða atriði, sem vantaði í bæði frumvörp fossanefndarinnar, sem sé almenn ákvæði um veiðirétt í vötnum, þar á meðal um eignarrétt á veiði í stöðuvötnum. Eldri ákvæði í lögum eru tekin hér upp, en ákvæði um eign á veiði í stöðuvötnum hefur vantað áður og lögfræðinga greint á um það, t. d. hvort ákvæðin um straumvötn gildi einnig um stöðuvötn. Þetta nýja ákvæði er nú sett í samræmi við samhljóða álit fossanefndarinnar um eignarrétt á vatns-botni; enn fremur gamlar venjur við eitt helzta veiðivatn landsins, Mývatn. At-

hugasemd í jarðabók Árna Magnússonar frá 1712, þar sem almenningur er talinn í Mývatni, ber vott um þetta.

Sömuleiðis vil ég benda hv. nefnd á þá spurningu, hve almenningurinn eigi að ná langt, hvort heldur til alls landsins, eða t. d. aðeins til sveitarfélaga þeirra, sem lönd eiga að vatninu.“

Við umræðu þessa um málið sagði Bjarni Jónsson m. a.: „Það gladdi mig, að hann (ráðh.) er okkur í nefndinni sammála um netlög, enda getur það atriði varla verið vafa bundið.“

Hér umræddu frumvarpsákvæði var síðan breytt með hliðsjón af ábendingu Péturs Jónssonar. Varð 1. mgr. 126. gr. vatnalaganna svohljóðandi: „Veiði í almenningi stöðuvatna eiga sveitarmenn þeirra sveita, er lönd eiga að vatninu, nema forn venja banni.“

Með lögnum um lax- og silungsveiði nr. 61/1932 var 13. kafli vatnalaganna felldur úr gildi, en ákvæði hans tekin upp í veiðilög, þó með ýmsum breytingum. Í stað 126. gr. vatnalaganna kom þá 8. gr. veiðilaganna, sem er samhljóða 8. gr. í núgildandi lögum um lax- og silungsveiði, nr. 53/1957, en hún er birt hér að framan. Þá var lögfest sú aðalregla, að þeir einir skyldu eiga veiðirétt í almenningi stöðuvatns, sem land eiga að vatninu. Var þar með um leið tekinn rétturinn af öðrum sveitarmönnum, sem höfðu haft hann eftir vatnalögnum, án þess að nokkrar bætur kæmu þar til greina.

Frumvarpið að lögum nr. 61/1932 var samið af nefnd, er í átta sæti þeir Ólafur Lárusson, Pálmi Hannesson og Jörundur Brynjólfsson. Í athugasemdum við 8. gr. frumvarpsins sagði meðal annars svo: „Greinin svarar til 126. gr. vtl. með allmiklum breytingum þó. Veiði í almenningi stöðuvatna hér á landi hefur sumsstaðar frá fornu fari fylgt landeignum þeim, er að vatninu liggja, þannig að miðlina vatnsins hefur ráðið veiðimörkum. 126. gr. vtl. lét slíkar venjur haldast og sama er gert í þessu frumvarpi, sbr. niðurl. 1. mgr. Hins vegar leiddu vtl. það nýmæli í lög, að þar sem ekki var um slíka venju að ræða, skyldu sveitarmenn þeirra sveita, er lönd eiga að vatninu, eiga veiði í almenningi þess. Þessari reglu telur nefndin rétt að breyta. Það verður ekki séð, að það sé að neinu leyti eðliligt eða sanngjarnt að láta réttinn til veiði í almenningi vatns fara eftir hreppaskiptingunni; þvert á móti er það í sumum tilfellum næsta óeðlilegt.“

Með skírskotun til alls þess, er að framan greinir, verður svar mitt við þeirri spurningu, sem hér er til athugunar, þetta: Kísilgúr í netlögum tilheyrir þeirri jörð, er netlög fylgja. Vatnsbotn í stöðuvötnum utan netlaga er almenningur landsmanna allra — er ríkiseign. Kísilgúr á vatnsbotni utan netlaga er því eign þjóðarheildarinnar, sem löggjafinn getur ráðstafað að vild sinni. Getur löggjafinn því einnig að sjálfsögðu veitt landeigendum eða öðrum rétt til kísilgúrsins. Valdi kísilgúrtaka í almenningi netlagaeigendum eða veiðiréttarhöfum í vatninu tjóni, eiga þeir auðvitað rétt á fullum bótum.

Ólafur Jóhannesson (sign.)

Fylgiskjal V.

10. gr. í tillögu Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París (OECD) frá 30. júlí 1963, um skattlagningu arðs af hlutabréfum.

1. Arður, sem greiddur er af fyrirtæki, sem á heimili í öðru aðildarríkjanna, til aðila, sem búsettur er í hinu aðildarríkinu, má skattleggjast í síðarnefnda ríkinu.
2. Engu að síður hefur það aðildarríki, sem fyrirtækið er heimilisfast í, heimild til að skattleggja slíkan arð samkvæmt sínum eigin lögum, en skatturinn, sem það leggur á, má ekki fara fram úr:
 - a) 5% af brúttó-upphæð arðsins, ef móttakandi arðsins er félag (annað en sameignarfélag), sem á að minnsta kosti 25% af hlutafé félagsins, sem greiðir arðinn.

- b) 15% af brúttó-upphæð arðsins í öllum öðrum tilfellum.
- Þar til bær stjórnarvöld beggja ríkjanna skulu koma sér saman um á hvern hátt þessum takmörkunum er beitt.
- Þessi málsgrein skal ekki hafa áhrif á skattlagningu félagsins að því er varðar hagnað þann, sem arðurinn er greiddur af.
3. Orðið „arður“ táknar, að því er tekur til greinar þessarar, tekjur af hlutareign í hlutafélagi, samlagshlutafélagi eða öðru félagi með takmarkaðri ábyrgð, tekjur af námuhlutabréfum, hlutdeildarskuldabréfum og öðrum kröfum, sem ekki teljast skuldakröfur, en veita rétt til hlutdeildar í hagnaði, svo og tekjur af annarri félagshlutdeild, sem jafna má til arðs af hlutabréfum samkvæmt skattalögum þess ríkis, sem félagið, er úthlutar arðinum, er heimilisfast í.
 4. Ákvæði 1. og 2. málsgreinar skulu ekki gilda, ef móttakandi arðsins, sem er heimilisfastur í öðru aðildarríkjanna, hefur fasta atvinnustöð í hinu ríkinu, sem félagið, er úthlutar arðinum, er heimilisfast í og hlutareignin, sem arðurinn er greiddur af, er í raunverulegum tengslum við atvinnustöðina. Í slíku tilviki skulu ákvæði 7. greinar gilda.
 5. Þegar félag, sem á heimili í öðru aðildarríkjanna, fær hagnað eða tekjur frá hinu aðildarríkinu, má síðarnefnda ríkið ekki leggja skatt á arðsúthlutun félagsins til aðila, sem ekki er heimilisfastur í því, eða skattleggja óúthlutaðan hagnað félagsins, enda þótt hinn úthlutaði arður eða óúthlutaði ágóði eigi, að öllu eða einhverju leyti, rót sína að rekja til hagnaðar eða tekna, sem þar hafa orðið til.

Fylgiskjal VI.

Vegamálastjóri:

Flutningaleiðir fyrir kísilgúr.

Við athugun á flutningaleiðum fyrir kísilgúr frá Reykjahlíð í Mývatnssveit til Húsavíkur hafa tvær leiðir sérstaklega þótt koma til greina.

Leið 1.

Leið þessi miðast við að nota núverandi þjóðvegi til flutninganna og þá fyrst og fremst Norðurlandsveg frá Reykjahlíð að Einarstöðum (47 km) og Þingeyjar-sýslubraut þaðan til Húsavíkur (39 km). Þessi leið er öll aðalleið, Norðurlandsvegurinn til Austfjarða, en Þingeyjarsýslubrautin til Húsavíkur og Norðausturlands. Undanfarin ár hafa um 22 km af henni verið endurbyggðir, en endurbyggja þarf enn um 50 km og laga langan kafla, svo að hún verði fær að vetrar- og vorlagi.

Áætla má, að það kosti um 15 millj. króna.

Alls er leið þessi 86 km löng.

Leið 2.

Þessi leið miðast við að gera flutningaleiðina sem allra skemmsta og þá gert ráð fyrir, að frá Grímsstöðum í Mývatnssveit verði lagður nýr vegur niður í Reykjahverfi, en þaðan farið eftir þjóðvegi til Húsavíkur, svo og á leiðinni milli Reykjahlíðar og Grímsstaða.


Áætlað er, að nýbyggingin, sem er á 25 km löngum kafla, kosti um 9.3 millj. króna, en lagfæring og endurbygging þjóðvegakaflanna um 6 millj. kr.

Alls er þessi leið 56 km löng.

Við val á leið kemur því fyrst og fremst til álita, hvort lækkun flutningskostnaðar á styttri leiðinni vegur upp á móti auknum kostnaði við vegagerð og vegaviðhald, þar sem leið 1 yrði endurbyggð hvort sem hún yrði notuð til kísilgúrflutninga eða ekki, vegna þeirrar þýðingar, sem hún hefur fyrir samgöngur á Norðurlandi.

Reikna má með, að eftirtaldir vegakaflar yrðu endurbyggðir og lagaðir á kostnað ríkisins (sjá kort).

Flutningaleiðir fyrir kísilgúr



Leið 1: Öll leiðin AD, DE hefur þegar verið endurbyggð.

Leið 2: CD 18 km og síðar meir AB, 4 km.

Á leið 1 yrði allt sumarviðhald, ca. 6000 kr. á km, greitt af ríkisfé og vetrarviðhald allt á helming leiðarinnar, en að hálfu á hinum helming hennar. Ef kísilgúrverksmiðjan greiddi þann hluta að hálfu móti ríkinu má áætla, að hennar hluti yrði um 325 þús. kr.

Á leið 2 mundi ríkið greiða sumarviðhald á 31 km, en verksmiðjan á 25 km vegalengd, en vetrarviðhald má áætla að skiptist þannig, að ríkið greiði allan kostnað á leiðinni Húsavík, Laxamýri og til helminga á öðrum þjóðvegum, sem eru samtals 22 km, en að verksmiðjan greiði snjómokstur á leiðinni um Hólasand, 25 km, og hálfan kostnað á 22 km löngum þjóðvegum.

Samkvæmt þessu bæri kísilgúrverksmiðjan eftirfarandi kostnað, eftir því hvaða leið yrði farin:

Á leið 1.

Hálfan kostnað af vetrarviðhaldi á ca. 43 km leið: $43 \times 15 \times \frac{1}{2} = 325$ þús. kr. á ári. Hér er viðhaldskostnaður reiknaður 15 þús. kr. á ári á km, sem er mun hærri tala en venjulega er reiknað með, enda miðað við, að til að kísilgúrflutningar geti gengið greitt og reglulega, þurfi mun meira vetrarviðhald en nú tíðkast. Að öðrum kosti er ekki hægt að reikna með eins lágum flutningskostnaði pr. tonn km og gert er.

Á leið 2.

Verksmiðjan þarf að bera kostnað af lagningu 25 km vegar, 9.3 millj. kr.

Auk þess sumarviðhald 6 þús. kr. á km af 25 km leið 150 þús. kr. á ári

Vetrarviðhald á 25 km leið, 25×15 375 — — —

Hálft vetrarviðhald á 22 km leið, $22 \times 15 \times \frac{1}{2}$ 165 — — —

Alls 690 þús. kr. á ári

Kostnaður við leið 2 umfram leið 1 er því:

Stofnkostnaður 9.3 millj. kr., rekstrarkostnaður $690 - 325 = 365$ þús. kr. á ári.

Ef reiknað er með að afskrifa stofnkostnaðinn á 20 árum með 6% vöxtum, samsvavar það árlegri greiðslu að upphæð kr. $9.3 \times 0.0872 = 0.81$ millj. kr. Verður því verksmiðjan að bera árlegan kostnað sem svarar $810 + 365 = 1175$ þús. kr. á ári við það að fara leið 2 í stað leiðar 1.

Hagnaður verksmiðjunnar af að fara leið 2 í stað leiðar 1, sem kemur fram í lægri flutningskostnaði á 30 km styttri leið, verður samkv. áætlun Baldurs Lindals, verkfræðings:

	Minnst	Mest	Meðaltal
1966	200 þús.	600 þús.	400 þús.
1967	500 —	1100 —	800 —
1968	860 —	1200 —	1000 —
1969	1100 —	1400 —	1250 —
1970	1250 —	1450 —	1350 —
1971	1350 —	1700 —	1550 —
1972	1450 —	2100 —	1750 —
1973	1550 —	2600 —	2050 —
1974	1700 —	3100 —	2400 —
1975	1750 —	3600 —	2700 —

Reiknað er með meiri háttar stækkun í fyrsta lagi 1971, en í síðasta lagi 1974.

Séu þessar tölur bornar saman sést, að ef flutningur verksmiðjunnar verður eins og hann er áætlaður hæstur, vegur hagnaður útgjöld upp á árinu 1968, en miðað við minnst flutningsmagn á árinu 1970.

Fylgiskjal VII.

Samkomulag við AIME.

Samkomulag þetta var gert 27. febrúar 1964 milli stóriðjunefndar og fulltrúa AIME, sem þá voru staddir í Reykjavík. Það hefur síðan verið staðfest af AIME og ríkisstjórn Íslands. Staðfestingin var að sjálfsögðu með þeim fyrirvara, að Alþingi veitti nauðsynlega lagaheimild til að framkvæma samkomulagið.

Ríkisstjórn Íslands og AIME eru sammála um, að niðurstöður tæknilegra rannsókna, svo og rannsókna um markaðsmöguleika, sem framkvæmdar voru á árinu 1963, séu nægilega jákvæðar til þess að réttlæta stofnun undirbúnings-hlutafélags, er annist endanlega skipulagningu og annan undirbúning að byggingu kísilgúrverksmiðju við Mývatn. Báðir aðilar eru sammála um að stofna hlutafélag í þessum tilgangi svo fljótt sem auðið er að því tilskyldu, að Alþingi samþykki nauðsynleg lög í því skyni. Einnig hafa aðilar komið sér saman um eftirfarandi atriði varðandi skipulag hlutafélags þessa:

1. Íslenska ríkisstjórnin skal eiga 80% af hlutabréfum í félaginu og AIME 20%.
2. Hlutaféð í félaginu skal nema 10 milljónum íslenskra króna. Hvor aðili um sig skal fá afhent hlutabréf án endurgjalds að upphæð, sem jafngildir þeim kostnaði, er þeir hafa staðið straum af fram að þessu til undirbúnings kísilgúrvinnslunnar. Það, sem þá er eftir að leggja fram af hlutafénu, skal greitt með þremur jöfnum afborgunum, svo sem hér segir:
 - 1) Þegar hlutafélagið er stofnað.
 - 2) Hinn 1. júlí 1964.
 - 3) Hinn 1. desember 1964.
3. Stjórn undirbúningshlutafélagsins, sem stofnað verður til bráðabirgða, skal skipuð fimm mönnum, og skal einn þeirra vera fulltrúi AIME.
4. Tilgangur þessa hlutafélags skal vera sá að ljúka öllum undirbúningi, bæði að því er varðar tækniatriði, viðskiptamál og fjármál, að byggingu og rekstri kísilgúrverksmiðjunnar við Mývatn. Skal stefnt að því að hefja byggingarframkvæmdir sumarið 1965.
5. Félagið skal annast rannsóknir á kísilgúrmarkaðnum til að ganga úr skugga um, hvert sé líklegt markaðsverð og sölumagn. Hlutafjárframlag AIME í reiðufé skal lagt til hliðar til greiðslu á þeim kostnaði, sem til fellur vegna þessara rannsókna í Hollandi.

Þegar lokið er framangreindum undirbúningi með þeim árangri, sem báðir aðilar telja viðunandi, skal stofnað til tveggja félaga, framleiðslufélags og sölufélags, á þann hátt sem hér greinir:

1. Kísilgúrfélagið við Mývatn.

Félag þetta skal vera framleiðslufélag, er starfi á Íslandi að framleiðslu kísilgúr síunarefna og flytji þau til Rotterdam eða annarra geymslustöðva sölufélagsins.

Kísilgúrfélagið við Mývatn skal taka við af undirbúnings-hlutafélagi því, sem stofnað verður til bráðabirgða, og skal hver hluthafi í hinu síðar nefnda félagi fá afhent hlutabréf í hinu nýja félagi, sem að nafnverði samsvari hlutabréfaeign þeirra í undirbúningsfélaginu.

Heildarhlutafé í kísilgúrfélaginu við Mývatn skal minnst nema 30 milljónum íslenskra króna. Þar af skal hlutafjárframlag íslensku ríkisstjórnarinnar nema minnst 51%, en AIME skal leggja fram eigi minna en 10% og eigi meira en 20% hlutafjárins. Þau 29—39%, sem þá eru eftir, skal íslenska ríkið annað hvort sjálft leggja fram, eða selja tilsvarendi hlutabréf bæjar- og sveitarfélögum eða öðrum aðilum á Íslandi.

AIME er tryggður einn fulltrúi í stjórn kísilgúrfélagsins við Mývatn.

2. Sölufélagið.

Hlutfélag þetta skal eitt hafa rétt til þess að selja framleiðslu kísilgúrfélagsins við Mývatn utan Íslands. Félagið skal hafa aðsetur í Hollandi, og skal hlutfé þess nema 200 000 til 400 000 hollenzkum flórínum.

Með skiptum á hlutabréfum skal kísilgúrfélagið við Mývatn eiga rétt á því að eignast allt að því 40% af hlutfé sölufélagsins, og skal því tryggt að eiga að minnsta kosti einn fulltrúa í stjórn sölufélagsins.

Ef AIME skyldi síðar óska þess að selja hlutfjáreign sína í sölufélaginu, skal kísilgúrfélagið við Mývatn eiga forkaupsrétt að þeim hlutabréfum.

Félögin tvö skulu gera með sér samkomulag, er tryggi sanngjarna skiptingu hagnaðar milli félaganna.

Íslendingum skal veitt tækifæri til að starfa í sölufélaginu til að tryggja beztu hugsanlega samvinnu milli félaganna beggja og til þess að Íslendingar geti öðlast reynslu í sölustarfinu.